

GJALDSKRÁ

fyrir sorpflutninga og sorpförgun í Biskupstungnahreppi árið 2001.

1. gr.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorpflutninga- og sorpförgunargjald).

2. gr.

Gjaldskráin fyrir árið 2001 er eftirfarandi og innheimtist með fasteignagjöldum:

A: Sorpgjald á íbúðir, árgjald kr. 5.100

B: Sorpgjald á sumarhús, árgjald kr. 3.405

C: Sorpgjald á atvinnurekstur, lágmarksgjald kr. 11.340

Stærri fyrirtæki greiða kostnað vegna sorpflutninga og förgunar sorps eftir umfangi.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í hreppsnefnd Biskupstungna 14. nóvember 2000, staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. desember 2000 og er í samræmi við samþykkt fyrir sorphirðu í Biskupstungum nr. 97/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Biskupstungnahreppi.

Biskupstungnahreppi, 31. janúar 2001.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kolbeinsstaðahreppi.

Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir lóð fyrir bleikjueldi í landi Syðri-Rauðamels, Kolbeinsstaðahreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fyrir hönd hreppsnefndar, 7. febrúar 2001.

Sigrún Ólafsdóttir oddviti.